

2322. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 15. janúar 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Orri Vignir Hlökkversson
Pálmi Haraldsson
Unnar Stefán Sigurðsson
Þorkell Máni Pétursson

Á Teams:

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynsdóttir

Forföll:

(engin)

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð
Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
 - a. Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2321). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF
 - a. Orri Vignir Hlökkversson fór yfir nýjustu fréttir af vettvangi ÍTF, starfsmannamál og annað, og greindi frá því að aðalfundur ÍTF verði haldinn 13. febrúar næstkomandi, þar sem fjórir stjórnarmenn verða í endurkjöri. Þá greindi Orri einnig frá umræðu sem farið hefur fram innan aðildarfélaga ÍTF um ýmis mál, þ.á.m. mögulegt hlutfall af greiðslum (samstöðubætur) frá félögum í Bestu deild til félaga í Lengjudeild. Undirbúningur fyrir Bestu deild 2025 er í fullum gangi hjá ÍTF, markaðsstarf og annað. Þá fór Orri einnig yfir skattamál og umræðu um þau innan aðildarfélaga ÍTF, þar sem nýverið var haldinn fundur um þau málefni sérstaklega og annar fundur áætlaður. Stjórnarmenn KSÍ ræddu skattamál hreyfingarinnar og hvöttu til áframhaldandi samtals og aukins samráðs aðila í knattspyrnuhreyfingunni almennt, m.a. milli KSÍ og ÍTF, enda um stórt og sameiginlegt hagsmunamál að ræða.
 - b. Lagðar voru fram fundargerðir fjárhagsnefndar frá 8. janúar, mótanefndar frá 9. janúar og dómaranefndar frá 7. janúar.
3. Fjármál
 - a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun 2025. Rætt um kostnað við rekstur landsliða þar sem mest munar um kostnað við flug og gistingu, um kostnað við heimalandsleiki, m.a. kostnað vegna gæslu og öryggismála, og um mótakostnað meistaraflokka (Íslandsmót og bikarkeppni) þar sem lang stærsti liðurinn er kostnaður við dómaramál. Miklar umræður voru um fjármál KSÍ og félaga almennt, tekjur af mótum og sölu markaðs- og sjónvarpsréttinda og ýmsar greiðslur til félaga. Fram kom að KSÍ vinnur að því að semja við nýjan samstarfsaðila og eru þær viðræður langt komnar.
 - b. *Stjórn samþykkti óbreyttar greiðslur til félaga vegna leyfiskerfis KSÍ.*

- c. Síðastliðin ár hefur UEFA greitt félögum í Bestu deild karla sérstakt framlag vegna þróunarstarfs barna og unglunga í knattspyrnu (Clubs Youth Development) og er þetta framlag hluti af þeim tekjum sem UEFA hefur af Meistaradeild karla. UEFA greiðir nú í þriðja sinn framlag til félaga í efstu deild kvenna vegna Meistaradeildar kvenna. Í fjárhagsáætlun KSÍ fyrir árið 2024 var gert ráð fyrir 35 milljóna króna framlagi til viðbótar til þeirra félaga sem ekki fengu framlag frá UEFA. *Stjórn samþykkti að framlag KSÍ til aðildarfélaga sinna skuli renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks karla og kvenna. Úthlutun er háð því að félög haldi úti sjálfstæðri starfsemi í yngri flokkum beggja kynja. Félög sem taka þátt í samstarfi í yngri flokkum eða eru ekki með þátttökulið í Íslandsmóti í yngri flokkum beggja kynja fá 75% framlag miðað við deildarstöðu meistaraflokks.*
- d. Rætt um fyrirkomulag á greiðslum til félaga vegna bikarkeppni KSÍ. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.

4. Laugardalsvöllur

- a. Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ og Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu framkvæmda á Laugardalsvelli og næstu skref. Framkvæmdirnar eru á áætlun og vonir standa til þess að leikflöturinn verði tilbúinn fyrir leik A landsliðs kvenna við Frakkland í júní.
- b. Þá röktu Þorvaldur og Ingi Sigurðsson varaformaður fréttir af vettvangi Þjóðarleikvangs ehf., breyttum áherslum í starfi félagsins, næstu verkefnum og framhaldi. Stjórnarmenn ræddu framtíð Þjóðarleikvangs ehf. almennt, stöðu KSÍ og vægi innan félagsins, og samskipti við aðra hagaðila, m.a. ríki og borg.

5. Lög og reglugerðir

- a. Halldór Breiðfjörð Jóhannsson kynnti tillögu starfshóps að breytingum á reglugerð KSÍ um heiðursviðurkenningar. Halldór fór stuttlega yfir forsöguna og helstu breytingar, og einnig hugmyndir um breytingar á verklagi við skráningu og utanumhald heiðursviðurkenninga. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*
- b. Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur KSÍ kynnti drög að breyttum/uppfærðum starfsreglum stjórnar KSÍ. Flestar breytingarnar koma til vegna breytinga á lögum KSÍ. *Stjórn KSÍ samþykkti starfsreglurnar.*
- c. Haukur fór yfir ákvæði í leyfisreglugerð varðandi Evrópuleiki félagsliða á Laugardalsvelli. Stjórn KSÍ ræddi um að skýra þyrfti reglugerðina þannig að koma þurfi til hæfilegt endurgjald sem nemur kostnaði vegna leikja sem fram fara á Laugardalsvelli. *Stjórn samþykkti að fela laga- og leikreglnanefnd að vinna tillögu að nýju eða breyttu ákvæði.*

6. Ársþing KSÍ

- a. Haukur kynnti niðurstöður úr vinnu starfshópa. Niðurstöður starfshóps um endurskoðun á síðareglum KSÍ, sem samþykktar voru af stjórn KSÍ 14. febrúar 2024, gera ráð fyrir að nýjar síðareglur verði bornar undir ársþing KSÍ 2025 til samþykktar. *Samþykkt var að fela laga- og leikreglnanefnd að yfirfara tillögur starfshópsins eftir athugasemdir sem borist hafa frá aðildarfélögum og undirbúa tillögu frá stjórn KSÍ fyrir ársþing 2025.* Haukur kynnti vinnu sem hefur átt sér stað í starfshópi um einföldun leyfiskerfis KSÍ en sú vinna stendur enn yfir. Niðurstöður starfshóps um dómstig KSÍ og niðurstöður starfshóps um tímasetningu ársþings KSÍ voru kynntar. *Ákveðið var að gefa stjórnarmönnum kost á að rýna greinargerðir og tillögur betur og ræða nánar á næsta stjórnarfundum.*

- b. Rætt var um framlag UEFA til KSÍ vegna þróunar- og fjárfestingaverkefna fyrir árin 2024-2028 skv. HatTrick reglugerð UEFA. Hluta þess fjárframlags hefur áður verið varið í mannvirkjasjóð KSÍ og úthlutað til styrkhæfra verkefna aðildarfélaganna í samræmi við reglugerð sjóðsins. *Ákvað stjórn KSÍ að hluti framlags UEFA, sem áður hefur verið tileinkað mannvirkjasjóði KSÍ, sem nú kemur til vegna áráanna 2024-2028 verði nýtt í uppbyggingu á Þjóðarleikvangi á Laugardalsvelli. Er það svo tryggt verði að á Íslandi sé knattspyrnuleikvangur sem uppfylli a.m.k. lágmarkskröfur í reglugerðum UEFA til halda leiki í Evrópukeppnum félagsliða og alþjóðakeppnum landsliða.*
- c. Eysteinn Pétur Lárússon kynnti minnisblað um ársþing KSÍ. Undirbúningur ársþings 2025, sem haldið verður á Hilton í Reykjavík 22. febrúar næstkomandi, er í fullum gangi. Rætt almennt um skipulag og kostnað við ársþing KSÍ og ýmsar hugmyndir reifaðar. *Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að taka málið áfram m.t.t. komandi ársþings.*
- d. Fjögur félög sóttust eftir því að ársþing KSÍ 2026 verði haldið á þeirra félagssvæði / í þeirra landshluta. *Stjórn KSÍ samþykkti að þingið 2026 verði haldið á Egilsstöðum.*

7. Mótamál

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir stöðu ýmissa mótamála. Lagðar voru fram tillögur um keppnisfyrirkomulag í 2. deild kvenna, Utandeild karla og 4. flokki karla og kvenna. *Stjórn KSÍ samþykkti tillögurnar.*

8. Landsliðsmál

- a. Þorvaldur Örlygsson formaður fór yfir ráðningarferli þjálfara A landsliðs karla og stiklaði á stóru um helstu þætti. Þrjú aðilar voru teknir í viðtal um starfið, allt kraftmiklir einstaklingar og öflugir þjálfarar með mikla og góða þekkingu á karlalandsliði Íslands, leikmannahópnum, gengi síðustu ára og öðrum þáttum. Niðurstaðan var að ganga til samninga við Arnar Gunnlaugsson og samningar hafa náðst. *Stjórn KSÍ samþykkti ráðninguna og Arnar er nýr þjálfari A landsliðs karla.*

9. Önnur mál

- a. KSÍ auglýsti nýlega lausa stöðu lögfræðings á skrifstofu KSÍ. Eysteinn Pétur Lárússon framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála og ráðningarferlið. Fjölmargar umsóknir hafa þegar borist, en umsóknarfrestur er til 23. janúar.
- b. *Stjórn KSÍ óskar Glódísi Perlu Viggósdóttur innilega til hamingju með titilinn Íþróttamaður ársins 2024. Glódís átti stórkostlegt knattspyrnuár og er vel að titlinum komin. Það er til marks um stöðu íslenskrar knattspyrnu að knattspyrnufólk var í fjórum af 10 efstu sætunum í kjörinu, auk þess sem A landslið kvenna hafnaði í þriðja sæti í kjöri á liði ársins og Arnar Gunnlaugsson var í þriðja sæti í kjöri á þjálfara ársins.*

Fundi slitið kl. 19:50.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir boðaðir miðvikudaginn 22. janúar og miðvikudaginn 29. janúar.